

Við göngum mót hækkandi Sól

Við göngum mót hækkandi sól,sól,sól
og sjáum hana þíða allt er kól,kól,kól.
sjá vætlurnar streyma
og vetrinum gleyma,
því vorið er komið með sól,sól,sól...

Ó, heill sé þér bráðláta vor,vor,vor,
velkomið að greikka okkar spor,spor,spor.
því ærsl þín og læti
og ólgandi kæti.
er æskunnar paradís vor,vor,vor...

Og hjörtu okkar tíðara slá,slá,slá
við slöngvum deyfð
og leti okkur frá,frá,frá,
og leggjum til iðin,
í leysingjakliðinn
það litla sem hvert okkar má,má,má...

